

UM
HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGLI
UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU
EFTIR
STEFÁN SIGFÚSSON.

HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGLI MEDAL VILLTRA ÞJÓÐA.

Þótt Kaldear, Babylóniumenn og Egyptar megi heita vorar fyrstu sögulegn þjóðir, og hjátrú og fjölkynghi eigi þannig til þeirra uppruna sinn að rekja, þá er það eigi þar með sagt, að þessir hlutir sé eigi eldri í heiminum. Þegar vér höfum fyrst söguleg kynni af þessum þjóðum frá því 4,000 árum fyrir tímatalt vort, þá hafa þær þegar myndað stór og voldug ríki. Þær eru þá löngu horfnar af barnæskuskeiði, svo að frásagnirnar gefa oss enga grein eða dæmi þess, hversu trú og hjátrú hefir verið varið meðal hinna öndverðlegustu þjóða. Vér verðum því að snúa oss aðra leið, en til þeirra, er vér atlum að leita oss upplýsinga um frumlegustu síði og háttu mannkynsins— það er viðjafnaðar eða samjafnaðarleiðin, er fara verður. Vér verðum að snúa oss til þeirra villiþjóða, sem vér nú þekkjum (t. d. Grænlendinga, Rauðskinna í N. Ameríku, ýmsra svartingja þjóða í Afríku og enda þjóðflokkanna í Norður-Síberíu), og viðjafna svo frá þeim til hinna villtu þjóða, er áður voru uppi og vér engar sögur höfum um. En nú er svo fjarri, að þessar þjóðir sé á nokkru brávillustigi, að þvert á móti hafa þær náð eins konar menningarstigi, er rétt er álítið. En hvað um það, hjátrú þeirra hindurvitni og fjölkynghi má telja hið frumlegasta, er vér höfum að halda oss til í þessum efnum, og að líkendum mjög lítið breytt frá því á fornöld þeirra, og til þess verður því að halda sér.

Út í lýsing trúar og hjátrúar síða þessara þjóða hverrar fyrir sig verður ekki farið, en ef dregnir eru fram höfuðdrættirnir hjá þeim sameiginlega, má segja þegar, að öll trúarbrögð þeirra sem annara skraelingjaþjóða um alla fornöld er einhvers konar sál-dýrkun (animism). Þær tilbáðu blátt áfram anda forteðra sinna framliðinna, líkt og villiþjóðir summar gjöra nú. Þær þekktu ekki